

Fundur - 8. desember 2005

Ár 2005 þann 8. desember kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Fundurinn hófst kl. 09:35. Mættir allir aðalmenn. Skipulags- og byggingafulltrúi sat einnig fundinn auk sveitarstjóra er reit fundargerð.

Byggingamál

- 1) Óskað byggingaleyfis fyrir hús í landi Hólasels (úr landi Hóla í Reykhólahreppi). Erindi frá “Á stofunni arkitektar” fyrir hönd Svavars Gestssonar. Skráningartöflur og teikningar voru lagðar fram á fundinum.

Um er að ræða sumarhús, stærð 103,6 fermetrar. Húsið er grundað á malarpúða og byggt upp af Casabona-einingum sem byggjast upp á 60 x 60 x 150 mm stálstoðum með plasteinangrun á milli.

Erindið samþykkt.

- 2) Erindi frá Einari Hafliðasyni í Fremri-Gufudal. Sótt er um leyfi til útlitsbreytinga á framhlið eldri fjárhúsa. Uppdráttur fylgdi erindinu.

Erindið samþykkt.

Hafnamál

- 3) Athugasemdir samgönguráðuneytis og Siglingastofnunar við drög að reglugerð fyrir Reykhólahöfn. Það er einkum 1. greinin sem tilgreinir mörk hafnarsvæðisins sem þyrfti að vera skýrari. Vísað er til strandlengju, jarðarmarka og sýslumarka til að afmarka hafnarsvæðið. Það væri til bóta ef svæðið væri skilgreint með hnitum eða uppdráttur fylgdi reglugerðinni.

Rætt um að núverandi mörk hefðu í för með sér að hafnarsvæðið væri fullstórt.

Afgreiðslu þessa máls frestað. Sveitarstjóra og byggingarfulltrúa falið að afla meiri upplýsinga.

Byggingarfulltrúi yfirgaf nú fundinn.

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

- 4) “Breyting á hafnarlögum og endurröðun verkefna 2006-2008.” Erindi frá Siglingastofnun. Lagt fram til kynningar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:00

Þórður Jónsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)